

REGLUR

um doktorsnám og doktorspróf við Háskólann á Akureyri.

1. gr.

Inngangur.

Doktorsnám við Háskólann á Akureyri er nám á þriðja háskólaprepi. Náminu lýkur með lokaprófi sem inniheldur rannsóknarverkefni sem stenst alþjóðleg viðmið um doktorsverkefni. Markmið doktorsnáms við Háskólann á Akureyri er að doktorsnema öðlist þá þekkingu, leikni og hæfni, sem er nauðsynleg til að stunda sjálfstæð vísindastörf, afla og miðla nýrri þekkingu og taka virkan þátt í vísindasamfélagi.

Lærdómsviðmið námsins eru í samræmi við kröfur til doktorsnáms sem fram koma í *Viðmiðum um æðri menntun og prófgráður* (auglýsing nr. 530/2011). Jafnframt tekur námið mið af Bolognaferlinu um skipulag náms á sviði æðri menntunar í Evrópu og alþjóðlega viðurkenndum stöðlum um skipulag og gæði doktorsnáms. Allir sem koma að doktorsnámi við Háskólann á Akureyri skulu hafa í heiðri ákvæði síðareglna og annarra reglna Háskólans á Akureyri. Umsjón með doktorsnámi við Háskólann á Akureyri er í höndum doktorsnámsráðs og Miðstöðvar doktorsnáms.

2. gr.

Doktorsnámsráð.

Doktorsnámsráð hefur yfirumsjón með doktorsnámi við Háskólann á Akureyri, ber ábyrgð á því, fylgist með framkvæmd og gæðum þess og að settum viðmiðum og gæðakröfum um námið sé fylgt ásamt því að vera vettvangur fyrir umræðu og samráð. Í ráðinu sitja sjö fulltrúar skipaðir af rektor. Einn er tilnefndur af rektor sem formaður, fjórir tilnefndir af forsetum fræðasviða, tveir frá hvoru sviði og tveir fulltrúar doktorsnema sem tilnefndir eru úr og af þeirra hópi. Skipa skal varafulltrúa fyrir hvern og einn fulltrúa í ráðinu. Gæta skal kynjajafnvægis, eins og við verður komið, við skipan allra fulltrúa. Fulltrúar fræðasviða skulu vera akademískir starfsmenn með doktorsgráðu og akademískt hæfi sem prófessor eða dósent. Þeir skulu hafa hæfni til og reynslu af því að leiðbeina meistara- eða doktorsnemum. Formaður doktorsnámsráðs skal auk ofangreindra hæfiskrafna hafa akademískt hæfi sem prófessor og hafa víðtæka þekkingu, alþjóðleg tengsl og reynslu af doktorsnámi, rannsóknum og stjórnsýslu.

Doktorsnámsráð fjallar um umsóknir og meðferð þeirra. Doktorsnámsráð skipar aðalleiðbeinanda og aðra í doktorsnefnd, utanaðkomandi rýna er koma að miðbiksmati og andmælendur við doktorsvarnir að höfðu samráði við aðalleiðbeinanda, fræðasvið og deild. Við atkvæðagreiðslur í doktorsnámsráði skal meirihluti ráða og hefur formaður oddaatkvæði falli atkvæði jöfn. Doktorsnámsráð veitir háskólaráði umsagnir um hæfni fræðasviða og undirflokka þeirra til að bjóða upp á doktorsnám.

3. gr.

Miðstöð doktorsnáms.

Miðstöð doktorsnáms og stjórnsýsla rannsókna við Háskólann á Akureyri, hér eftir Miðstöð doktorsnáms, heyrir undir skrifstofu rektors og vinnur að málefnum doktorsnáms og stjórnsýslu rannsókna við háskólann. Miðstöð doktorsnáms heldur utan um gögn og veitir upplýsingar varðandi doktorsnámið, gefur út rafræna handbók með öllum nauðsynlegum upplýsingum fyrir doktorsnema og leiðbeinendur og sér um að yfirfara hana reglulega. Miðstöð doktorsnáms undirbýr jafnframt tillögur til doktorsnámsráðs varðandi inntöku doktorsnema og skipun aðalleiðbeinanda og annarra í doktorsnefnd, utanaðkomandi rýna er koma að miðbiksmati og andmælenda í doktorsvörnum.

Rektor skipar forstöðumann Miðstöðvar doktorsnáms og setur honum erindisbréf. Forstöðumaður skal hafa doktorspróf ásamt því að hafa reynslu af stjórnsýslu og víðtæka þekkingu á doktorsnámi og rannsóknum. Hann sér um starfsmannamál og daglega stjórnun Miðstöðvar doktorsnáms og er ábyrgur, stjórnsýslulega og fjárhagslega, fyrir þeim verkefnum sem Miðstöð doktorsnáms eru falin. Forstöðumaðurinn vinnur náið með doktorsnámsráði að þróun og mótun doktorsnáms og hefur þar setu- og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Forstöðumaðurinn hefur gott samstarf um málefni

doktorsnáms við fræðasvið, deildir, gæðaráð og stjórnýslu háskólans sem sinnir ýmsum stjórnsýsluverkefnum fyrir Miðstöð doktorsnáms.

4. gr.

Inntökuskilyrði.

Inntökuskilyrði eru meistara- eða kandidateitpróf með a.m.k. fyrstu einkunn eða sambærilegt lokapróf af háskólaþrepi tvö á því fræðasviði sem doktorsnámið mun byggja á eða á sviði því tengdu.

Doktorsritgerð skal vera á ensku sem er tungumál alþjóðlega fræðasamfélagsins. Umsækjendur um doktorsnám sem ekki hafa ensku að móðurmáli þurfa að leggja fram staðfestingu á enskukunnáttu sinni í formi TOEFL (lágmark 90 stig), IELTS (lágmark 7 stig) eða sambærilega staðfestingu sem doktorsnámsráð metur gilda. Staðfestingin má ekki vera eldri en fjögurra ára þegar umsókn er send inn.

Hægt er að stunda doktorsnám á sviðum þar sem Háskólinn á Akureyri hefur heimild til doktorsnáms og nauðsynleg aðstaða og sérþekking er fyrir hendi. Doktorsnámsráð sker úr um hvort umsókn falli undir heimild háskólans til doktorsnáms.

5. gr.

Skil og meðferð umsókna.

Tekið er á móti umsóknum um doktorsnám allt árið og skal þeim skilað á vef háskólans. Afgreiðslu umsóknar skal að jafnaði vera lokið og henni svarað innan sex vikna frá því að hún berst að teknu tilliti til sumarleyfa. Umsóknin má vera á ensku eða íslensku.

Ferill umsókna um doktorsnám er eftirfarandi:

- a. Væntanlegur doktorsnemi sækir um inngöngu í doktorsnám í rafrænni gátt og með umsókn skal m.a. fylgja námsáætlun, rannsóknaráætlun, staðfest afrit af prófskírteinum ásamt ferilskrá (CV) umsækjanda og væntanlegs aðalleiðbeinanda. Einnig skal fylgja með umsókn áætlun doktorsnemans um dvöl, samtals eitt misseri, við einn eða fleiri erlenda háskóla eða rannsóknarstofnanir. Ef fyrir liggja umsóknir til aðila sem eiga að fjármagna doktorsnámið skulu útdrættir úr þeim einnig fylgja umsókn. Doktorsnemi ráðfærir sig við fyrirhugaðan aðalleiðbeinanda við gerð bæði náms- og rannsóknaráætlunar ásamt gerð ítarlegrar tíma- og fjárhagsáætlunar fyrir námið í heild. Í námsáætluninni skal t.d. koma fram skipulag námsins og val námskeiða. Í rannsóknaráætluninni skal gerð grein fyrir fyrirhugaðri rannsóknarvinnu doktorsnemans, t.d. markmið rannsókna ásamt aðferðum við gagnaöflun og gagnagreiningu.
- b. Miðstöð doktorsnáms metur frumgögn umsóknar samkvæmt gildandi reglum, staðfestir uppruna þeirra, metur gildi prófskírteina og námsgráða og staðfestir að gögn umsækjanda uppfylli formkröfur. Hann sendir síðan niðurstöðu mats á frumgögnum og afrit umsóknar ásamt fylgiskjölum til doktorsnámsráðs.
- c. Doktorsnámsráð fer yfir umsóknargögn og samþykkir eða hafnar umsókn um doktorsnám byggt aðallega á eftirfarandi forsendum:
 1. Umsækjandi þarf að uppfylla inntökuskilyrði sem fram koma í reglum þessum.
 2. Háskólinn þarf að hafa nauðsynlega aðstöðu og tiltækir sérfræðingar þurfa að vera til staðar á því fræðasviði sem doktorsverkefnið tekur til.
 3. Tilnefndur aðalleiðbeinandi þarf að hafa hæfi á viðkomandi fræðasviði, sbr. 7. gr. reglna þessara.
 4. Raunhæfur fjárhagslegur grundvöllur þarf að vera til staðar vegna doktorsverkefnisins og viðunandi aðbúnaður fyrir hendi.
- d. Miðstöð doktorsnáms tilkynnir umsækjanda niðurstöðuna skriflega.
- e. Innan mánaðar frá því að nám er samþykkt skal doktorsnemi skrá sig hjá Miðstöð doktorsnáms og nemendaskrá og ganga frá greiðslu skrásetningargjalds. Doktorsneminn þarf að endurnýja skráningu árlega en skráning og greiðsla skrásetningargjalds er forsenda þess að hann geti stundað doktorsnám.

6. gr.

Samningur milli Miðstöðvar doktorsnáms og doktorsnema.

Í upphafi náms skal gera samning milli doktorsnema og Miðstöðvar doktorsnáms, með þátttöku viðkomandi sviðs og deildar um fyrirkomulag námsins, t.d. aðstöðu, þjónustu, réttindi og skyldur nemans og leiðbeinenda á meðan á námi hans stendur. Einnig, ef við á, geta stofnanir eða fyrirtæki sem koma að doktorsverkefninu orðið aðilar að samningnum. Samningurinn er forsenda þess að doktorsnemi geti hafið nám og skal endurskoða hann eftir þörfum.

7. gr.

Doktorsnefndir og aðalleiðbeinendur.

a) *Doktorsnefndir og hlutverk þeirra.* Sérhver doktorsnemi skal hafa doktorsnefnd sem skipuð er þremur til fimm leiðbeinendum, þar af einum aðalleiðbeinanda og tveimur til fjórum meðleiðbeinendum og skal að lágmarki einn þeirra vera utanaðkomandi aðili. Meðlimir doktorsnefndar skulu lokið doktorsprófi, hafa reynslu í leiðsögn nema í framhaldsnámi, t.d. með setu í doktorsnefndum eða reynslu af leiðbeiningu meistaranema. Þeir skulu einnig vera virkir sérfræðingar á viðkomandi fræðasviði og hafa birt ritrýnt efni sem tengist verkefni og fræðasviði doktorsnemans. Doktorsnámsráð skipar alla aðila í doktorsnefnd. Heimilt er að sérfræðingar á viðkomandi sviði, sem ekki hafa lokið doktorsprófi, starfi með doktorsnefndinni.

Doktorsnefndin skal fylgjast með framvindu námsins og stuðla að virkri þátttöku doktorsnemans í fræðasamfélaginu bæði innan Háskólans á Akureyri og alþjóðlega. Doktorsnefndin ber ábyrgð á því að viðkomandi doktorsnám uppfylli viðeigandi lærdómsviðmið og kröfur, sbr. Viðmið um æðri menntun og prófgráður (auglýsing nr. 530/2011), um gæði doktorsnáms ásamt kröfum Háskólans á Akureyri sem fram koma í reglum þessum.

Komi upp ágreiningur innan doktorsnefndar eða milli doktorsnefndar og doktorsnema skal ágreiningnum vísað til Miðstöðvar doktorsnáms sem hefur milligöngu um úrlausn. Sé ágreiningurinn illleysanlegur er málinu vísað til doktorsnámsráðs sem ræðir við hlutaleigandi aðila og úrskurðar í málinu.

b) *Aðalleiðbeinendur og hlutverk þeirra.* Aðalleiðbeinandi doktorsnemans skal hafa doktorspróf, prófessors- eða dósentshæfi og að jafnaði vera fastráðinn akademískur starfsmaður Háskólans á Akureyri. Hann þarf að vera virkur í rannsóknasamfélaginu hvað varðar ritvirkni og alþjóðasamstarf. Aðalleiðbeinandi veitir doktorsnefndinni forstöðu og kallar hana saman að jafnaði eigi síðar en mánuði frá samþykkt umsóknar. Hann kveður doktorsnemann á fund doktorsnefndar að jafnaði einu sinni á misseri meðan á náminu stendur en doktorsnemi getur einnig óskað eftir fundi í doktorsnefnd.

Heimilt er með samþykki doktorsnámsráðs að doktorsnemi hafi utanaðkomandi aðalleiðbeinanda en þá skal einn af meðleiðbeinendum, sem er fastráðinn akademískur starfsmaður Háskólans á Akureyri, gegna hlutverki tengiliðs gagnvart Miðstöð doktorsnáms.

Ef aðalleiðbeinandi getur ekki sinnt leiðbeiningaskyldum sínum vegna veikinda, fjarveru í lengri tíma eða ef viðkomandi lætur af störfum, skal doktorsnámsráð finna doktorsnemanum annan aðalleiðbeinanda að höfðu samráði við meðlimi doktorsnefndar.

8. gr.

Skyldur doktorsnema.

Doktorsnemi ráðfærir sig við aðalleiðbeinanda um öll meginatriði námsins t.d. um umsóknir til siðanefnda, skipulagningu og framkvæmd rannsókna og umsóknir um styrki ásamt ritun tímaritsgreina og doktorsritgerðar. Doktorsnemi skal taka virkan þátt í því háskólasamfélagi sem doktorsverkefni hans tilheyrir. Gert er ráð fyrir að hann kynni verkefni sitt reglulega á málstofu og í það minnsta árlega á ráðstefnu.

9. gr.

Samsetning og lengd náms.

Doktorsverkefnið skal samsvara 180 ECTS einingum. Auk þess getur doktorsneminn í samráði við doktorsnefnd sótt ákveðin námskeið við viðurkennda háskóla til að undirbyggja doktorsverkefnið. Ekki er heimilt að nota meistararitgerð sem uppistöðu í doktorsritgerð.

Fullt eins árs nám samsvarar 60 ECTS einingum. Námstími er því að jafnaði þrjú til fjögur ár í fullu námi. Heimilt er að sækja um til doktorsnámsráðs að stunda hlutanám (að lágmarki 50%) og miðast þá námsframvinda við það hlutfall. Ef doktorsnema tekst ekki að ljúka námi innan tilskilins tíma eða óskar eftir að gera hlé á námi getur hann sótt um undanþágu til doktorsnámsráðs á þar til gerðum eyðublöðum.

10. gr.

Námsframvinda og útgönguleiðir.

Miðstöð doktorsnáms heldur námsferilsskrá fyrir hvern doktorsnema sem skila skal árlegri framvinduskýrslu á til þess gerðu eyðublaði til Miðstöðvar doktorsnáms. Doktorsnámsráð setur verklýsingu varðandi gerð framvinduskýrslna.

Ef upp kemur sú staða að doktorsnemi telji sig ekki geta lokið náminu eða ákveður að hætta námi skal hann senda skriflega úrsögn til Miðstöðvar doktorsnáms að höfðu samráði við aðalleiðbeinanda.

Ýmsar útgönguleiðir eru mögulegar. Doktorsnemi sem hefur lokið a.m.k. 60 ECTS einingum getur sótt um að fá diplómaskírteini í samræmi við skref 2.1 í *Viðmiðum um æðri menntun og prófgráður* (auglýsing nr. 530/2011). Ef doktorsnámsráð metur að neminn hafi lokið a.m.k. 120 ECTS einingum, gæti neminn útskrifast með meistaraþágu í samræmi við skref 2.2. Í báðum tilvikum þarf viðkomandi að sækja um til þeirrar deildar sem aðalleiðbeinandi starfar við og uppfylla hæfniviðmið viðkomandi deildar.

11. gr.

Miðbiksmat.

Um miðbik áætlaðs námstíma fer fram sérstakt mat á þekkingu doktorsnemans og stöðu verkefnisins með það í huga að auka gæði námsins og efla nemann fyrir vörn. Doktorsneminn skal óska eftir matinu við Miðstöð doktorsnáms með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara (júlimánuður telst ekki með). Miðbiksmatið er unnið af viðkomandi doktorsnefnd ásamt einum til tveimur utanaðkomandi rýnum sem eru sérfræðingar á viðkomandi sviði og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til andmælenda. Doktorsnámsráð skipar rýnana að fengnum rökstuddum tillögum aðalleiðbeinanda. Doktorsnámsráð setur verklýsingu varðandi framkvæmd miðbiksmats.

12. gr.

Kröfur til doktorsverkefnis.

Doktorsritgerð skal vera heildstætt verk, ýmist á formi vísindagreina sem mynda eina heild eða á formi einnar ritsmíðar (einrit – e. *monograph*). Doktorsritgerð skal vera á ensku, sbr. 4. gr. Ef um er að ræða ritsmíð sem byggir á vísindagreinum skal semja sérstakt heildaryfirlit þar sem efni hinna einstöku greina er dregið saman, settar fram heildarályktanir og efni þeirra tengt fræðilega. Að jafnaði skal heildaryfirlitið vera um 10.000 - 15.000 orð og byggt á a.m.k. þremur vísindagreinum. Þegar doktorsritgerð er lögð fram þurfa tvær af greinunum að hafa verið samþykktar til birtingar af ritstjórn viðurkenndra ritrýndra tímarita en sú þriðja má vera til umfjöllunar hjá ritstjórn. Doktorsnemi skal að jafnaði vera fyrsti höfundur greinanna. Þáttur doktorsnema í viðkomandi greinum þarf ávallt að vera skýr. Doktorsritgerð á formi einrits skal að jafnaði vera 50.000 - 100.000 orð. Doktorsnámsráð setur verklýsingu varðandi uppbyggingu doktorsritgerða.

13. gr.

Kröfur um þekkingu, leikni og hæfni við námslok.

Doktorsnámsráð skilgreinir, ef þörf krefur, sértæk viðmið fyrir einstaka námsleiðir í doktorsnámi í samræmi við *Viðmið um æðri menntun og prófgráður* (auglýsing nr. 530/2011), sem er lýsing á uppbyggingu náms og prófgráða á háskólastigi. Viðmiðin taka sérstaklega til þekkingar, leikni og hæfni nema við námslok, sbr. lög nr. 63/2006 um háskóla. Viðmiðin eru birt í Handbók doktorsnáms.

14. gr.

Mat á verkefni fyrir doktorsvörn.

Þegar doktorsnefnd, undir yfirumsjón aðalleiðbeinanda og að höfðu samráði við doktorsnema, telur að doktorsritgerð sé tilbúin til varnar skilar hún rökstuddu álitni á þar til gerðu eyðublaði til

Miðstöðvar doktorsnáms. Álitið skal undirritað af öllum doktorsnefndarmönnum og doktorsnemanum. Þegar ritgerð er lögð fram skal jafnframt liggja fyrir staðfest námsferilsyfirlit doktorsnemans frá Miðstöð doktorsnáms. Miðstöðin leggur þessi gögn fyrir doktorsnámsráð a.m.k. fjórum mánuðum fyrir áætlaða dagsetningu varnar. Doktorsnámsráð metur hvort gögnin teljist fullnægjandi samkvæmt reglum um doktorsnám til að vörn geti farið fram. Þegar jákvæð niðurstaða doktorsnefndar og doktorsnámsráðs liggur fyrir, leggur doktorsneminn fram doktorsritgerð sína rafrænt á endanlegu formi (pdf) fyrir Miðstöð doktorsnáms.

15. gr.

Andmælendur.

Doktorsnefnd sendir Miðstöð doktorsnáms rökstuddar tillögur að andmælendum við doktorsvörn a.m.k. fjórum mánuðum fyrir áætlaða vörn. Andmælendur skulu vera tveir óháðir aðilar sem starfa utan Háskólans á Akureyri og a.m.k. annar þeirra við viðurkenndan háskóla erlendis. Þeir mega ekki hafa þannig tengsl við doktorsnema eða doktorsnefnd að hægt sé að draga hæfi þeirra sem andmælenda í efa. Þeir skulu hafa lokið doktorsprófi og hafa dósent- eða prófessorshæfi og vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi eða tengdu fræðasviði. Miðstöð doktorsnáms leggur tillögur að andmælendum fyrir doktorsnámsráð sem samþykkir og skipar þá, teljist framlögð gögn fullnægjandi. Andmælendur fá samþykktu doktorsritgerð til umfjöllunar í það minnsta tveimur mánuðum fyrir áætlaða vörn.

16. gr.

Doktorsvörn.

Doktorsritgerð skal varin opinberlega. Forstöðumaður Miðstöðvar doktorsnáms skipuleggur doktorsvörn að höfðu samráði við doktorsnámsráð, fræðasvið og deild. Að lokinni munnlegri vörn ákveður formaður doktorsnámsráðs ásamt andmælendum hvort veita skuli doktorsnafnbót. Einkunn er ekki gefin fyrir doktorsvörn eða doktorsritgerð. Doktorsnámsráð setur verklagsreglur um framkvæmd og niðurstöðu doktorsvarnar sem samþykktar eru af háskólaráði.

17. gr.

Akademískur titill.

Eftir að hafa hlotið doktorsnafnbót er viðkomandi heimilt að nota akademíska titilinn Philosophiae Doctor ásamt skammstöfuninni PhD.

18. gr.

Sameiginleg doktorsgráða.

Heimilt er að veita doktorsgráðu sameiginlega með öðrum háskóla (e. *joint degree* og *double degree*) liggja fyrir samningur milli viðkomandi háskóla áður en doktorsnemi hefur nám við Háskólann á Akureyri. Slíkur samningur þarf samþykki rektors, sviðsforseta og doktorsnámsráðs.

19. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 7. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla, 18. og 22. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og í samræmi við 2. og 48. gr. reglna nr. 694/2022 fyrir Háskólann á Akureyri og öðlast þegar gildi. Á sama tíma falla úr gildi reglur nr. 701/2018 um doktorsnám og doktorspróf við Háskólann á Akureyri.

Háskólanum á Akureyri, 23. júní 2022.

Eyjólfur Guðmundsson rektor.